

## 12. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 15. janúar 2014 kl. 18:00.

Mætt: Bára, Hallur, Hróðný, Sveinn, Viktor og Gissur.



### Dagskrá:

**1. Bréf frá HSK um skýrslu félagsins í ársskýrslu HSK 2013**

Skýrslan samþykkt með breytingum á orðalagi.

**2. Reglugerð um úthlutun barna- og unglíngastyrkja**

Breytingar gerðar í samræmi við samþykkt aðalstjórnar. Tillaga lögð fyrir fund framkvæmdastjórnar í febrúar.

**3. Reglugerð Afreks- og styrktarsjóð**

Skerpt á úthlutunarreglum sem verða lagðar fyrir aðalstjórn.

**4. Samningur um rekstur íþróttavallarsvæðis**

Gissur og Sveinbjörn funda í næstu viku með Braga um framhald og viðbætur á samningi um rekstur íþróttavallarsvæðis.

**5. Önnur mál**

- Búningamál. Samþykkt að leita eftir tilboðum vegna búninga félagsins í samræmi við núverandi samning.
- Farið yfir skipulag skoðunarferðar 22. febrúar. Framkvæmdastjóri sendir dagsetningu á formenn deilda.
- Deildir hvattar til að taka þátt í RIG ráðstefna ÍSÍ og ÍBR.
- Kalla þarf saman nefnd til að útnefna íþróttamann ársins á aðalfundi 10. apríl. Hugað þarf að viðurkenningum sem veittar eru á aðalfundi.

*Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 29. janúar kl. 18.00 í Tíbrá.*

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:00.**

**Gissur ritaði fundargerð.**